

Ed.

726. Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árin 1916 og 1917.

Flutningsm.: Kristinn Danielsson.

Við 12. gr. 15. h.

Í stað »800« komi:
1000.

Fylgiskjal:

Pýðing.

Ljós-lækningastofnun Finsens
Lækningadeild fyrir húðsjúkdóma

Rosenvænget Kaupmannahöfn 9/6 1915

Kæri dr. Magnús.

Í tilefni af brjefi yðar um Önnu Magnúsdóttur, skal jeg láta yður í ljósi, að mjer virðist algerlega nauðsynlegt, að hún komi hingað, með því að annars er örvænt um að hún geti orðið læknuð, en mun þar á móti að öllum líkindum verða aumingi alla æfi, því að engin lækning á berklum í hörundi getur komist í nándarnærri samjöfnuð við lækningaraðferð Finsens, einkanlega síðan vjer höfum samfara henni notað ljósböð, og ef hún kæmi hingað, eru líkur til að hún yrði læknuð á nokkrum mánuðum.

Jeg ræð til, að Anna Magnúsdóttir sendi umsókn til Alþingis, sem eftir því sem vjer höfum komist að, mun vera fúst til að greiða fyrir læknishjálp og dvöl hennar hjer.

Með vinsemd.

Axel Reyn.